

Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Garðabær, 28. júní 2013
Mál nr.: 1305130 / 09,35

Efni: Deiliskipulag Kaplakrika

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar þann 25. júní sl. var tekið fyrir bréf yðar varðandi breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, dags. 21. júní 2013.

Lagt var fram bréf skipulagsnefndar þar sem eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi Kaplakrika (íþróttasvæði).

„Í ljós kemur að gert er ráð fyrir að byggingarmagn á íþróttasvæðinu geti orðið 32.456 m² en er í dag 15.950 m² með tilheyrandi aukningu umferðar og álagi á nánasta umhverfi sitt. Skipulagsnefnd telur að lýsingin þurfi betur að greina frá því með hvaða hætti skal kynna tillögurnar og hafa samráð við hagsmunaaðila í næsta nágrenni s.s. rekstraraðila í Molduhrauni.

Skipulagsnefnd lýsir yfir áhyggjum af auknu umferðarálagi tengdu fyrirhugaðri uppbyggingu. Að öðru leyti gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við lýsinguna en bendir á ákvæði skipulagslaga um að kynna skulu tillöguna fyrir aðliggjandi sveitarfélagi.“


Bæjarráð samþykkti að ofangreindum athugasemdum við skipulagslýsinguna verði komið á framfæri við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllt,



Guðjón E. Friðriksson,
bæjarritari

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1.7.2013
Málsnr:	130 11 42
Bréfal:	512